

- DEILISKIPULAGSMÖRK
- BYGGINGAREITUR
- NÚVERANDI HÚS
- LEIKSVÆÐI
- HEKK, SKJÓLBELTI
- BÍLASTÆÐI
- VEGHELGUNARLÍNA  
30m FRÁ MIDLÍNU VEGAR

**GREINARGERÐ.**

Staðsetning deiliskipulagsreitsins er Skjólshólar í sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagsreitirinn er tæpur hektari að stærð (9.240 m<sup>2</sup>) og afmarkast af núverandi þjóðvegi, Hafnarvegi (99), til vesturs og girðingu og skurði til norðurs og austurs, síðan lína dregin yfir ræktaðland til suðurs.

Ekki er til deiliskipulag af reitnum og er hann í gildandi aðalskipulagi skilgreindur á landbúnaðarsvæði [L] en fyrir liggur breytingartillaga þar sem þessi reitur verður merktur sem verslunar- og þjónustusvæði [VP] í aðalskipulagi.

Deiliskipulagsreitirinn er hnitsettur.

Fyrirhugað er að útbúa aðstöðu fyrir ferðafólk og koma upp allt að sjö smáhýsum til útleigu.

Samráðs- og samstarfsaðilar umhverfis- og skipulagsnefndar vegna deiliskipulagsins hafa verið skipulagsráðgjafar við gerð aðalskipulags, íbúar og atvinnurekendur á svæðinu. Deiliskipulag svæðisins kallar ekki á sérstakt umhverfismat samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Neyslavatn verður fengið úr stofnað sveitarfélagsins sem liggur í námunda við svæðið. Rotpró er hugsuð sem lífræn hreinsibró sem þarfnast ekki síubeðs (anerobix rotpró með síu) og hentar vel fyrir þá byggð sem hugsuð er á svæðinu.

Veghelgunarlína stofnvega er færð inn en hún er 30m frá miðlínu vegar skv. vegalögum. Hafnarvegur (99) er þjóðvegur og fyrirhugaður byggingareitur er amk. 50 m frá honum.

Svæðið er gróð og engin mannvirki eru á svæðinu. Engar fornminjar eru þekktar á svæðinu. Þar eru þó tóttir af gömlu fjárhúsi.

Hafa skal í huga að ef áður óþekktar minjar koma í ljós viðframkvæmdir skal fara í einu og öllu eftir 2. málsgrein 24. gr. Minjalaga nr.80/2012.


Umsagnaraðilar um deiliskipulagið eru auk bæjastjórnar, Skipulagsstofnun, Heilbrigðisstofnun Suðausturlands HSSA, Vegagerðin og Minjastofnun.

**Markmið deiliskipulagsins.**

Markmið með deiliskipulaginu er að afmarka reit til þess að koma upp smáhýsum ásamt aðstöðu til að þjónusta þau.

Afmarkaður er sérstakur reitur þar sem sameiginleg rotpró verður staðsett og geymsluskúr fyrir áhöld. Afmarkaðir eru tveir byggingareitir innan deiliskipulagsreitsins þar sem húsunum sjö verður komið fyrir.

Smáhýsin munu verða einna hæða með möguleika á svefnlofti. Byggingareitir eru hafðir rúmgóðir.



STADSETNING DEILISKIPULAGS Í AÐALSKIPULAGSUPPDRATTI 2012-2030

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

Í \_\_\_\_\_  
 þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og  
 í \_\_\_\_\_  
 þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_  
 með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt  
 í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_

HNITASKRÁ		
1.	X=684620.5934	Y=425890.1785
2.	X=684682.4511	Y=425861.9227
3.	X=684712.0763	Y=425852.2944
4.	X=684727.3888	Y=425834.6172
5.	X=684742.5301	Y=425802.5883
6.	X=684620.4057	Y=425788.9248
7.	X=684593.4174	Y=425834.8448



ASK ARKITEKTAR EHF.  
 GERISDÖTU 9 101 REYKJAVÍK  
 SMÍ 515 0300 FAX 515 0319  
 www.ask.is



VERKEFNI	SKJÓLSHÓLAR SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFIRDI
TEGUND/TEKNI	1:500
DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR	MBB
HEITINGAR	ASK
DEILISKIPULAG OG GREINARGERÐ	ASK
VEF. NR.	1721
AUKENNA/ NÚVER. TEKNI	05-01
STAFNA	

© ÖLL AFRIT OG AFRITUN TEKNI ER HÁÐ SAMBYRÐIASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MELA UPP AF TEKNI.